

Bakteríur í brauði

KJARNI
Hóp-
verkefni

Þetta verkefni byrjum við öll saman!

Við erum að kanna mismunandi örveruvöxt eftir því hvernig brauð er meðhöndlað.

Brauð 1 - Nemendur snerta brauðsneið með óhreinum höndum.

Brauð 2 - Nemendur snerta brauðsneið eftir að hafa þvegið hendur vel.

Brauð 3 - Nemendur snerta brauðið eftir að hafa þvegið og sprittað hendur.

Amboð:
Glósurar
ykkar um
skýrslugerð

Efni og áhöld: Þrjár brauðsneiðar, þrír pokar sem hægt er að innsigla, aðstaða fyrir handþvott, sápa, spritt, penni til að merkja.


Tilgáta: Lestu framkvæmdina - Hvað heldur þú að komi fyrir brauðið í pokanum?

Framkvæmd: Setja skal þrjár brauðsneiðar sína í hvern pokann. Áður en þær eru settar í pokann skal snerta eina vel og vandlega með skítugum höndum. Sú næsta er ekki snert fyrr en hendur hafa verið þvegnar rækilega með sápu. Þriðja er snert eftir að hendur hafa einnig verið sprittaðar.

Fylgstu með brauðsneiðunum í eina til tvær vikur og skoðaðu hvað gerist.

Niðurstöður: Hverjar voru niðurstöður ykkar?

Afurð: Skýrsla um brauðið



VIÐMIÐ UM ÁRANGUR:

- ☐ Ég get undirbúið og framkvæmt einfalda athugun
- ☐ Ég get fylgt einfaldri athugun eftir
- ☐ Ég get skrifað skýrslu um athugun

HÆFNIVIÐMIÐ:

Að nemandi:

- ☐ Tekið þátt í skipulagi og unnið eftir verk- og tímaáætlun hóps við að hanna umhverfi, hlut eða kerfi.
- ☐ Geti framkvæmt og útskýrt sérhannaðar eða eigin athuganir úti og inni.

